**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1184 — 638. mál.**

# Svar

**fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Líneik Önnu Sævarsdóttur um skattfrádrátt.**

Í meðfylgjandi töflum er gerð grein fyrir skiptingu skattfrádráttar í krónum talið vegna rannsóknar- og þróunarverkefna og vegna erlendra sérfræðinga eftir atvinnugreinum og landshlutum. Við vinnslu svarsins leitaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Skattinum. Til að varna því að mögulegt sé að rekja frádráttinn til einstakra fyrirtækja er upphæðin ekki tilgreind í þeim tilvikum þar sem fimm fyrirtæki eða færri fengu frádrátt í atvinnugrein eða landshluta á hverju ári. Þess í stað er viðkomandi reitur í töflum hér á eftir gráskyggður og samtala allra slíkra reita tilgreind neðst í töflunni. Í þeim reitum töflunnar sem hvorki innihalda gildi né eru gráskyggðir var ekkert fyrirtæki sem fékk frádrátt í þeirri atvinnugrein eða þeim landshluta á því ári.

Í öllum spurningunum er spurt um þróun skattafsláttar síðastliðin 10 ár. Þar sem skattafsláttur vegna erlendra sérfræðinga hefur einungis verið veittur frá og með árinu 2017 ná svör við 3. og 4. tölul. fyrirspurnarinnar einungis til áranna 2017–2022.

1. *Hvernig skiptist skattfrádráttur í krónum talið vegna rannsóknar- og þróunarverkefna eftir atvinnugreinum árlega sl. 10 ár?*

| Atvinnugrein (upphæðir í millj. kr.) | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi | | | | | | | | | | |
| Fjármála- og vátryggingastarfsemi | | | | | | 182 | | 573 | 435 | 571 |
| Flutningar og geymsla | | | | | | | | | | |
| Framleiðsla | 239 | 282 | 408 | 704 | 839 | 1.020 | 1.447 | 3.019 | 2.838 | 2.496 |
| Fræðslustarfsemi | | | | | | | | | | |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | | | | | | | |
| Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum | | | | | | | 72 | 186 | 351 | 252 |
| Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar | | | | | | | | | 281 | |
| Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | | | | | | | | 241 | 252 | 316 |
| Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi | | | | | | | | | | |
| Rafmagns-, gas- og hitaveitur | | | | | | | | | | |
| Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi | 187 | 197 | 232 | 373 | 355 | 470 | 758 | 1.535 | 2.024 | 2.359 |
| Upplýsingar og fjarskipti | 674 | 711 | 818 | 1.424 | 1.657 | 1.962 | 2.566 | 4.649 | 5.237 | 6.985 |
| Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun | | | | | | | | | | |
| Óflokkað vegna rekjanleika | 164 | 119 | 123 | 317 | 270 | 183 | 334 | 356 | 507 | 1.136 |

2. *Hvernig skiptist skattfrádráttur í krónum talið vegna rannsóknar- og þróunarverkefna eftir landshlutum árlega sl. 10 ár?*

| Landshluti (upphæðir í millj. kr.) | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurland | | | | | | | | | | |
| Kraginn | 283 | 287 | 354 | 733 | 684 | 1.016 | 1.352 | 3.489 | 4.215 | 4.498 |
| Norðurland eystra | | | | 46 | | | | 114 | 178 | 194 |
| Norðurland vestra | | | | | | | | | | |
| Reykjanes | | | | | | 88 | 107 | 168 | 156 | 275 |
| Reykjavík | 837 | 870 | 977 | 1.789 | 2.086 | 2.400 | 3.345 | 6.201 | 7.003 | 8.979 |
| Suðurland | | | | | | | | | | |
| Vestfirðir | | | | | | | | | | |
| Vesturland | | | | | | 161 | 176 | 336 | | |
| Óflokkað vegna rekjanleika | 144 | 153 | 250 | 249 | 351 | 152 | 197 | 251 | 373 | 170 |

3. *Hvernig skiptist skattfrádráttur í krónum talið vegna erlendra sérfræðinga eftir atvinnugreinum árlega sl. 10 ár?*

| Atvinnugrein (upphæðir í millj. kr.) | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð | | | | | | |
| Fasteignaviðskipti | | | | | | |
| Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi | | | | | | |
| Fjármála- og vátryggingastarfsemi | | | | | | |
| Flutningar og geymsla | | | | | | |
| Framleiðsla | 18 | 81 | 166 | 223 | 312 | 499 |
| Fræðslustarfsemi | | | | 12 | 23 | 40 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | | | | | | 25 |
| Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum | | | | | | |
| Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | | | | | | |
| Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar | 20 | 75 | 119 | 150 | 196 | 361 |
| Rafmagns-, gas- og hitaveitur | | | | | | |
| Rekstur gististaða og veitingarekstur | | | | | | |
| Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi | | 20 | 41 | 56 | 50 | 80 |
| Upplýsingar og fjarskipti | 17 | 36 | 45 | 62 | 79 | 172 |
| Óflokkað vegna rekjanleika | 6 | 9 | 35 | 49 | 57 | 50 |

4. *Hvernig skiptist skattfrádráttur í krónum talið vegna erlendra sérfræðinga eftir landshlutum árlega sl. 10 ár?*

| Landshluti (upphæðir í millj. l | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurland | | | | | | |
| Kraginn | 13 | 51 | 99 | 118 | 148 | 232 |
| Norðurland eystra | | | | | 22 | 55 |
| Norðurland vestra | | | | | | |
| Reykjanes | | | | | | |
| Reykjavík | 39 | 146 | 279 | 408 | 530 | 907 |
| Suðurland | | | | | | |
| Vestirðir | | | | | | |
| Vesturland | | | | | | |
| Óflokkað vegna rekjanleika | 9 | 24 | 27 | 27 | 17 | 32 |